

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 60. fundur haldinn 11. febrúar 2008 í fundarsal Biskupsstofu.

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn biskup Íslands hr. Karl Sigurbjörnsson og Sigurgeir Skúlason verkefnisstjóri Kirkjugarðaráðs.

**Gestir:** Sr. Halldóra Þorvarðardóttir prófastur í Rangárþingi, sr. Eiríkur Jóhannsson prófastur í Árnesþingi og Gunnar Bollason starfsmaður Fornleifaverndar ríkisins.

### 1. Setning fundar

Formaður setti fund kl. 13:05.

### 2. Skráning minningarmarka

Gunnar Bollason kynnti verkefnið skráningu minningarmarka sem unnið er á vegum Fornleifaverndar ríkisins. Kynnti hann sérstaklega fyrirhugaða skráningu í Árnes- og Rangárvallaprófastsdæmum.

Prófastarnir lýstu áhuga sínum á verkefninu og vildu greiða fyrir því, en gerðu grein fyrir að fjárhagur prófastsdæmanna væri takmarkaður. Ákveðið var að Fornleifavernd ríkisins byggi til kynningarpakka fyrir prófastana þar sem verkefnið verða kynnt og öll fjárhagsáætlun vegna þeirra. Fornleifavernd ríkisins mun benda á hvar hægt er að sækja um styrki.

Smári nefndi að enn vantaði eitthvað af upplýsingum inn á legstaðaskrár frá Árnes- og Rangárþingi og ætlar sr. Halldóra að ganga í málið og senda upplýsingarnar til Smára.

### 3. Nýr kirkjugarður á Akureyri

Smári Sigurðsson kynnti hugmyndir að nýjum kirkjugarði á Akureyri sem óskað er eftir að hafa í Naustaborgum og nýta menningarlandslagið sem hluta af kirkjugarðinum. Þarna eru gönguleiðir, reiðleiðir og skíðaleiðir. Hann vakti athygli á breyttri notkun kirkjugarða sem eru víða orðnir útiverustaðir. Hugmyndin hefur verið kynnt í bæjarstjórn og víðar á Akureyri og reynt hefur verið að fá svæðið sett inn í skipulag Akureyrar sem kirkjugarð. Biskup vék af fundi eftir þennan lið.

### 4. Frumvarp til laga um kirkjugarða

Þórsteinn gerði grein fyrir frumvarpinu sem búið er að breyta. Tekið hefur verið út að kirkjugarðar sem reki líkhús megi taka gjald. Andinn virðist sá að gefa þetta nokkuð frjálst og að þeir sem uppfylli reglugerð geti rekið líkhús.

Kirkjugarðasambandið ræddi málið við biskup og voru honum kynntar áhyggjur Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Rekstur líkhúsa og athafnaryma er ekki

viðurkenndur af ríkinu sem lögbundin verkefni. Það eru fjórir garðar á landinu í þessari stöðu. Aðrir garðar þurfa ekki að veita þessa þjónustu. Þær lausnir sem ræddar voru voru þess eðlis að hætta er á kvörtun til Samkeppnisráðs. Sé höfð hliðsjón af lagaákvæðinu virðist engin lausn í sjónmáli varðandi rekstur líkhúsanna.

#### 5. Fundargerð 59. fundar

Vegna fundargerðar 59. fundar, 8. liðar, var ákveðið að færa eftirfarandi inn í fundargerð síðasta fundar: „*Umsókn frá Berufjarðarsókn sem barst inn á fundinn eftir að búið var að úthluta var ekki afgreidd og var henni vísað til næsta úthlutunarfundar*“, en að öðru leyti var fundargerðin samþykkt. Á síðasta fundi lagði Guðmundur Rafn fram lista yfir kirkjugarða sem höfðu sér kennitölu. Ríkisendurskoðun hefur bent á að mikilvægt sé að sinnhverf reikningurinn og þá um leið kennitalan sé fyrir kirkjufé og kirkjugarðsfé. Kirkjugarðaráð ákvað að nauðsynlegt væri að fara yfir listann og koma því til leiðar að stofnuð yrði kennitala fyrir garðana og bók til að greiða kirkjugarðsgjöldin inn á. Sigurgeir fer yfir listann og býr til bréf til þeirra garða sem eru með eigin kennitölu og biður um að þetta sé lagfært.

#### 6. Kirkjugarðurinn á Hvolsvelli, breyting á umhirðugjaldi

Rætt var um rekstrarstöðu Stórhólfshvolskirkjugarðs á Hvolsvelli vegna breytts greiðslukerfis. Valtý var var falið að afla frekari upplýsinga.

#### 7. Safnaðarheimilið á Hvanneyri

Sigurgeir kynnti. Prestur vildi vita hvort nota mætti fjármagn sem garðurinn á nú til að laga safnaðarheimili að innan. Til stendur að það verði að hluta til þjónustuhús. Rætt var um nauðsyn þess að útbúa sérherbergi fyrir tæki og tól.

Kirkjugarðinum er heimilt að leggja til fjármagn til sameiginlegs þjónustuhúss kirkjugarðs og kirkju í því hlutfalli sem húsið nýtist garðinum Sigurgeiri var falið að svara erindinu og vitna í viðmiðunarreglur sem Kirkjugarðaráð og Kirkjuráð hafa sett sér varðandi kostnaðarskiptingu vegna þjónustuhúsa.

#### 8. Önnur mál

Engin.

Fundi slitið kl. 18:15.

---

Ragnildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Kristín Huld Sigurðardóttir,  
ritari